

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 2. október 2018 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson og Brynhildur Þórarinsdóttir. Þróstur Helgason boðaði forföll. Ármann ritaði fundargerð í fjarveru Ágústu.

1. Málræktarþing 15. nóvember, lokayfirferð

Rætt var um fyrirhugað málræktarþing í nóvember og undirbúning þess. Rætt hefur verið við alla fyrirlesara og fundarstjóra. Gengið var frá endanlegri dagskrá fundarins og röð fyrirlesara.

2. Yfirskrift málræktarþings

Ákveðið var að þingið heiti „Íslenska á ferðaöld“ sem verði jafnframt yfirskrift ályktunarinnar 2018.

3. Ályktun Íslenskrar málnefndar 2018

Hilmar kynnti nýja gerð ályktunar Íslenskrar málnefndar 2018. Stjórnin samþykkti hana og ákvað að senda Ágústu hana til frágangs.

4. Viðurkenning á málræktarþingi

Rætt var um veita viðurkenningu þremur einstaklingum sem sinnt hafa íslenskukennslu fyrir útlendinga eða orðabókargerð. Semja þarf texta á viðurkenningarskjalið.

5. Næsta starfsár

Áfram var rætt um áhersluatriði næsta starfsárs: að safna upplýsingum um íslensku og málfar á einn stað, þar á meðal prentuðum bókum. Ræða þarf við ráðherra og ráðuneytið um framkvæmd málsins enda ýmis álitamál uppi, meðal annars um höfundarrétt og kostnað.

6. Önnur mál

a) Guðrún og Ármann fóru á fund í menntamálaráðuneyti. Ráðuneytið undirbýr bréf til dómsmálaráðuneytisins vegna lögreglubíla eftir umsögn lögfræðings. Einnig kom fram að menntamálaráðherra hefur sent samgönguráðherra bréf vegna merkinga á Keflavíkurflugvelli. Þá var lauslega greint frá viðburðum á degi íslenskrar tungu.

b) Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði 6. nóvember og þá verði gengið frá lausum endum varðandi málræktarþing.

c) Guðrún skýrði frá fyrirætlunum um að setja upplýsingar um þá sem hlotið hafa viðurkenningu Íslenskrar málnefndar frá upphafi á vefsíðu nefndarinnar (islenskan.is).

d) Forysta í samstarfi norrænu málnefndanna: Samstarfið fær 250 þúsund danskar krónur á ári næstu þrjú ár. Fjármál verða áfram í höndum dönsku nefndarinnar. Norrænir ritara fundu þrisvar á ári og gefa út ritið Sprog i Norden en Ágústa er fulltrúi okkar í ritnefnd. Þá þarf að

skipuleggja fund norrænu málnefndanna í Grænlandi ásamt gestgjöfunum. Að lokum þarf að skila skýrslu um árið til næsta forystulands.

Fundi lauk kl. 15.30.

Guðrún Kvaran
sign.

Ármann Jakobsson
sign.